



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

761. fundur

Árið 2020, er fjarfundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum
mánudaginn 5 október, kl. 8:30 í forritinu Teams.

Mætt eru: Einar Jón Pálsson, Kolbrún Jóna Pétursdóttir, Hjálmar Hallgrímsson, Ingþór
Guðmundsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Einar Jón Pálsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Dagskrá:

1. Undirbúningur aðalfundar 2020.

Ríkislögreglustjóri hefur lýst yfir neyðarstigi almannavarna í samráði við
sóttvarnalækni vegna sýkinga af völdum COVID-19. Neyðarstig tók gildi á miðnætti
aðfaranótt mánudagsins 5. október samhliða hertum samkomutakmörkunum.

Í ljósi þess hefur stjórn S.S.S. ákveðið að aðalfundur S.S.S. verði haldinn rafrænt
laugardaginn 10. október, kl. 10. Á dagskrá fundarins verða einungis þau mál sem
koma fram í samþykktum S.S.S. þ.e.a.s.

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðaðir ársreikningur síðasta árs lagður fram til samþykktar.
3. Stjórn sambandsins tilnefnd.
4. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis.
5. Ákvörðun um greiðslu þóknunar til stjórnarmanna.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp
borin.

Erindum sem voru í áður boðaðri dagskrá er frestað. Fundurinn verður sendur út í
Zoom forritinu og eru sveitarstjórnarfolk beðið um að skrá inn á fundinn svo hann sé
löglegur en 2/3 sveitarstjórnarmanna verða að skrá sig svo hann teljist ályktunarbær.
Framkvæmdastjóra falið að senda fundamönnum tengil á fundinn þegar nær dregur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:50.

Einar Jón Pálsson


Hjálmar Hallgrímsson

Kolbrún Jóna Pétursdóttir


Ingþór Guðmundsson


Berglind Kristinsdóttir